

Síðuskóli

2026-2027

Móttökuáætlun fyrir nemendur af erlendum uppruna



Unnin af Berglindi Elvu Gunnlaugsdóttur, verkefnastjóra ÍSAT

Samkvæmt grunnskólalögum skulu skólar taka á móti nýjum nemendum samkvæmt móttökuáætlun sem tekur mið af bakgrunni þeirra, tungumálafærni og námsstöðu. Jafnframt skal tryggja að nemendur og foreldrar þeirra fái viðeigandi ráðgjöf og upplýsingar um skólastarfið. Heimilt er að meta kunnáttu nemenda sem eiga annað móðurmál en íslensku sem hluta af skyldunámi og, þegar við á, í stað kennslu í erlendu tungumáli.

Móttökuáætlun Síðuskóla byggir á lögum um grunnskóla, Aðalnámskrá grunnskóla, Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og stefnumótun Akureyrarbæjar um menntun, jafnrétti, inngildingu og fjölbreytileika. Einnig er stuðst við fjölmeningarstefnu Eyþings og áherslur Akureyrarbæjar sem barnvæns sveitarfélags.

Síðuskóli leggur áherslu á að allir nemendur upplifi öryggi, virðingu og að tilheyra í skólasamfélaginu frá fyrsta degi. Litið er á tungumála- og menningarbakgrunn nemenda sem styrkleika sem auðgar skólastarfið.

Markmið áætlunarinnar er að tryggja faglega og farsæla móttöku nemenda af erlendum uppruna og fjölskyldna þeirra. Með virku samstarfi heimilis og skóla, markvissum stuðningi og einstaklingsmiðaðri nálgun er stuðlað að vellíðan, þátttöku og árangri í námi.

Hlutverk og ábyrgð starfsfólks

Skólastjóri ber ábyrgð á að móttökuáætlun sé til staðar fyrir nýja nemendur sem þurfa kennslu í íslensku sem öðru tungumáli.

Verkefnastjóri ÍSAT ber ábyrgð á að boða foreldra til móttökuvíðtals áður en skólaganga hefst. Við viðtalið sitja jafnframt umsjónarkennari/ar og túlkur ef þörf krefur. Kennsluráðgjafi viðkomandi skóladeildar skal einnig upplýstur um viðtalið.

Áður en móttökuvíðtal fer fram skal tryggja að:

- kennarar og annað starfsfólk séu upplýst um komu nemandans
- kennarar fái stuðning frá verkefnastjóra ÍSAT varðandi aðlögun nemandans, kennsluaðferðir og námsefni
- samnemendur séu undirbúnir fyrir komu nýs nemanda og fái viðeigandi leiðsögn um hlutverk sitt í aðlögunarferlinu
- túlkur sé fenginn þegar þörf er á
- kennsla í íslensku sem öðru tungumáli (ÍSAT) sé skipulögð
- skýrt sé hver ber ábyrgð á upplýsingagjöf til foreldra um daglegt starf skólans

Móttökuviðtal

Í móttökuviðtali skulu meðal annars eftirfarandi atriði tekin til umfjöllunar:

- skóladagatal og stundaskrá
- helstu upplýsingar um skólann, svo sem nöfn umsjónarkennara, símanúmer og netföng
- gjaldfrjálsar skólamáltíðir og ritföng
- daglegt skólastarf, þar á meðal frímínútur, nesti, skólareglur, íþróttá- og sundkennslu, frístundastarf og tilkynningar um veikindi
- kynning á Mentor
- kynningarmyndband um grunnskólakerfið á Akureyri
- búnaður sem nemandi þarf að útvega, svo sem skólataska og íþróttafatnaður
- samstarf heimilis og skóla
- skipulag fyrstu skóladaga
- skipulag íslenskukennslu
- væntingar og óskir foreldra og nemanda
- áhugasvið, styrkleikar og stuðningsþarfir nemandan,
- upplýsingar um frístunda- og tómstundastyrk Akureyrarbæjar
- fyrri skólaganga og námsstaða nemandans, ásamt afhendingu fyrirbyggjandi gagna
- heilsufar nemandans og afrit af bólusetningarskírteini
- menningarlegur bakgrunnur fjölskyldunnar og mikilvægi þess að viðhalda og efla móðurmál nemandans
- samræmt stöðumat
- reglur um símafrí
- kynning á húsnæði skólans og heimsókn í bekk nemandans

Stöðumat

Um það bil tveimur mánuðum eftir að skólaganga hefst tekur nemandinn samræmt stöðumat frá Menntamálastofnun.

Markmið stöðumatsins er að styðja skóla við að meta þekkingu og færni nemenda af erlendum uppruna svo hægt sé að skipuleggja nám og kennslu í samræmi við þarfir þeirra, reynslu og þekkingargrunn.

Íslenskukennsla og aðlögun

Mikilvægt er að nemendur sem flytja til landsins fái tækifæri til að miðla reynslu sinni og segja frá uppruna, menningu og tungumáli sínu.

Umsjónarkennari/ar og verkefnastjóri ÍSAT bera sameiginlega ábyrgð á íslenskukennslu og aðlögun nemandans. Náið og markvisst samstarf þeirra er forsenda farsællar skólagöngu.

Aðlögun nemenda felur ekki eingöngu í sér nám í íslensku heldur einnig þátttöku í skólasamfélaginu, myndun félagslegra tengsla og virðingu fyrir eigin menningu og tungumáli. Mikilvægt er að byggja á styrkleikum nemandans og fyrri reynslu hans þannig að hann geti tekið virkan þátt í námi og félagslífi skólans frá upphafi.

Lögð skal áhersla á að:

- nemandi fái kennslu í íslensku sem öðru tungumáli samkvæmt viðmiðunarstundaskrá Menntamálastofnunar
- nemandi njóti kennslu við hæfi í sem flestum námsgreinum
- nemandi læri að nýta hjálpartæki, smáforrit og vefsíður sem styðja við nám
- nýr nemandi myndi sem fyrst jákvæð félagsleg tengsl við samnemendur sína
- reglulegir fundir séu haldnir með foreldrum á fyrsta skólaárinu
- fjölskyldum sé boðið að kynna menningu sína og hefðir fyrir skólasamfélaginu
- skipulag íslenskukennslu taki mið af hæfniviðmiðum Aðalnámskrár grunnskóla fyrir íslensku sem annað tungumál
- tungumál og menningarlegur bakgrunnur nemenda séu sýnileg og metin að verðleikum í skólasterfinu
- kennarar nýti upplýsingatækni, rafrænt námsefni, myndrænt efni og fjölbreyttar kennsluaðferðir
- markvisst sé unnið með verkefni sem stuðla að skilningi á fjölbreyttum menningarheimum, siðum og tungumálum

Hæfniviðmið íslensku sem annars tungumáls eru sett fram í fjórum þrepum: forstigi, 1. stigi, 2. stigi og 3. stigi.

Gert er ráð fyrir að nemandi fylgi hæfniviðmiðum Aðalnámskrár fyrir íslensku sem annað tungumál í um það bil tvö til fjögur ár. Að þeim tíma liðnum ætti hann, með viðeigandi stuðningi, að geta unnið samkvæmt hæfniviðmiðum jafnaldra sinna í íslensku.

Inngilding og fjölbreytileiki

Síðuskóli starfar samkvæmt þeirri sýn að fjölbreytileiki sé styrkur og að allir nemendur eiga rétt á að upplifa virðingu, öryggi og að tilheyra innan skólasamfélagsins.

Skólinn leggur áherslu á að:

- tungumál, menning og reynsla nemenda séu metin að verðleikum
- fjölbreytileiki sé sýnilegur í námsumhverfi og skólastarfi
- nemendur fái tækifæri til að kynna eigið tungumál og menningu
- kennarar stuðli að gagnkvæmri virðingu og menningarlæsi
- unnið sé markvisst gegn fordómum og útilokun
- allir nemendur hafi jöfn tækifæri til náms, þátttöku og áhrifa

Með þessum hætti stuðlar skólinn að inngildandi skólamenningu þar sem fjölbreytileiki er viðurkenndur sem eðlilegur og dýrmætur hluti af skólasamfélaginu.

Móttaka nýrra nemenda er sameiginlegt verkefni alls skólasamfélagsins. Farsæl aðlögun byggir á gagnkvæmu trausti, virðingu og virku samstarfi heimilis og skóla.

Með markvissri framkvæmd þessarar móttökuáætlunar leitast Síðuskóli við að tryggja að nemendur af erlendum uppruna og fjölskyldur þeirra upplifi sig velkomin, fái stuðning við hæfi og njóti jafnra tækifæra til náms og þátttöku. Áætlunin styður þannig við markmið Akureyrarbæjar um inngildandi skólasamfélag þar sem velferð, fjölbreytileiki og farsæld allra barna eru höfð að leiðarljósi.